

BORGARRÁÐ 18. júlí 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að kallað verði eftir upplýsingum frá foreldrum í tengslum við skóla án aðgreiningar - R19070160

Flokkur fólksins leggur til að Skóla- og frístundarráð kalli markvisst og kerfisbundið eftir upplýsingum frá foreldrum sem telja að börn þeirra fái ekki náms-, félags, og/eða tilfinningalegum þörfum sínum mætt í hinum „almenna skóla“ byggðan á stefnu borgarinnar sem kallast Skóli án aðgreiningar. Eins og Flokkur fólksins hefur margítrekað þá er verið að taka áhættu með andlega heilsu barna ef þau eru sett í aðstæður til langs tíma þar sem þau fá ekki notið sín í. Barn sem upplifir sig ekki vera meðal jafningja og finnur sig einangrað er í áhættu með að þróa með sér depurð og kvíða. Eins og fram hefur komið m.a. í könnun Velferðarvaktarinnar er hópur barna sem neitar að fara í skólann vegna vanlíðan sem þau tengja skólanum. Hópurinn hefur farið stækkandi undanfarin ár. Þessi börn geta verið alla ævi að byggja sig upp eftir áralanga veru í skólaaðstæðum sem ekki hentar þeim.

Greinargerð

Biðlisti í flest öll sérskólaúrræði hvort sem eru deildir eða skólar er langur og jafnvel þótt kennarar, foreldrar og fagfólk metur svo að barn eigi heima í sérúrræði þá fær það ekki þar inni. Það er mikilvægt að Skóla- og frístundarráð viti hvað mörg börn eru í þessum aðstæðum og heyri frá foreldrum þeirra hvað þeir telji að þurfi að breytast í aðstæðunum og hvaða og hvernig úrræði henti barni þeirra til að það geti notið skólagöngu sinnar til fulls.

Í skýrslunni segir:

„Stofnað verði til fjögurra þátttökubekkja undir stjórn Klettaskóla. Fyrsti þátttökubekkurinn taki til starfa haustið 2013 og hinir með tveggja ára millibili þannig að allir bekkirnir verði farnir að starfa haustið 2019“

Spurt er af hverju hefur borgarmeirihlutinn/Skóla- og frístundarráð ekki staðið við áætlun sína sem birt er í þessari skýrslu frá 2012 um að stofna til fjögurra þátttökubekkja undir stjórn Klettaskóla?

Allir fjórir bekkirnir ættu að vera starfandi nú í haust en aðeins einn bekkur er starfræktur. Allt of mörg börn kvarta yfir vanlíðan í skólanum, skóla sem á að vera fyrir alla og tryggja öllum börnum jöfn tækifæri. Foreldrar hafa stigið fram og sagt skólann ekki vera að mæta þörfum barna sinna og óska eftir að fá aðgang að sérskólum borgarinnar. Þangað inn er eins og fyrir úlfalda að komast í gegnum nálarauga. Báðir sérskólarnir eru löngu sprungnir og hefur Flokkur fólksins lagt til stækkun þeirra og fjölgun sambærilegra úrræða, allt tillögur sem hafa verið felldar eða vísað frá.